

Nefndasvið skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

19. október 2023

## Efni: Umsögn BHM um drög að frumvarpi til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu. Mál nr. 238.

BHM hefur í annað sinn fengið til umsagnar frumvarp mennta- og barnamálaráðherra til laga um *Miðstöð menntunar og skólaþjónustu* áður frumvarp til laga um *Mennta- og skólaþjónustu*. Með frumvarpinu er lagt til að sett verði á fót ný stofnun *Miðstöð menntunar og skólaþjónustu* og að Menntamálastofnun verði lögð niður. Verkefni Menntamálastofnunar færir til nýrrar stofnunar annars vegar og til mennta- og barnamálaráðuneytis hins vegar. Þessi áform hafa í tvígang verið kynnt í samráðsgátt stjórnvalda á Ísland.is hvar BHM veitti umsagnir sem sjá má [hér](#) og [hér](#). Þá var frumvarpið flutt á 153. þingi sem mál nr. 238. umsögn BHM um það frumvarp má sjá [hér](#).

Eins og fram kemur í fyrri umsögnum BHM tekur bandalagið ekki efnislega afstöðu til þeirra breytinga sem stefnt er að með frumvarpinu nema að því leyti er varðar starfsfólk Menntamálastofnunar. Vill BHM enn og aftur ítreka þá afstöðu sína að vel er fært að ná fram sömu markmiðum með vægari aðgerðum en frumvarpið leggur til.

Þegar stofnun eða stofnanir eru lagðar niður og stofnað til nýrra eða stofnanir sameinaðar leggur BHM áherslu á að gætt sé að réttindum starfsfólks og því sýnd virðing. Síðast en ekki síst að mannauður hvernar stofnunar sé nýttur til þess að fá fram sjónarmið og hugmyndir því þar liggur þekking og reynsla á viðfangsefnum stofnunar sem verða viðfangsefni nýrrar stofnunar. Má til hliðsjónar benda á að í Noregi er samráð stjórnenda og fulltrúa starfsfólks í aðdraganda og framkvæmd endurskipulagningar á stofnanakerfi norska ríkisins bundið sérstökum leikreglum í aðalkjarasamningum ríkis og félaga opinberra starfsmanna. Þannig er unnið út frá því að forsenda góðrar þjónustu ríkisstofnana sé gott

samstarf starfsfólks og stjórnenda og á milli samningsaðila miðlægt og staðbundið. Lögð er áhersla á að endurskipulagning á starfsemi opinberra stofnana, við aðstæður þar sem starfsfólk upplifir öryggi, kalli á bindandi samvinnu milli aðila. Raunverulegt samráð sé til þess fallið að skapa grundvöll að farsælli málsmeðferð og skili bestum árangri.<sup>1</sup>

Í frumvarpinu kemur fram að þær viðamiklu breytingar sem standa til með stofnun *Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu* leiði til þess að ekki sé unnt að líta svo á að Menntamálastofnun geti starfað áfram. Verkefni nýrrar stofnunar verði það frábrugðin verkefnum Menntamálastofnunar að hvorki sé hægt að flytja störf frá Menntamálastofnun til nýrrar stofnunar og ráðuneytisins með yfirtöku ráðningarsamninga né að bjóða starfsfólki forgang að nýjum störfum. Þessu mótmælir BHM og ítrekar að ráðherra hefur ekki fært nein haldbær rök fyrir því að sú leið sé ekki fær, þ.e. að breyta hlutverki Menntamálastofnunar til samræmis við breyttar áherslur eða að bjóða starfsfólki Menntamálastofnunar forgang að störfum hjá nýrri stofnun og eftir atvikum hjá ráðuneytinu, enda er að miklu leyti verið að færa verkefni frá einni stofnun til annarrar. Allt virðist þetta grundvallast á þeirri ákvörðun ráðherra að leggja niður Menntamálastofnun og segja upp öllu starfsfólki og setja á fót nýja stofnun. Fram hefur komið í fjölmiðlum að starfsfólki Menntamálastofnunar var í október 2022 tilkynnt um skipun nýs forstjóra stofnunarinnar samhliða því að þeim var tilkynnt að stofnunin yrði lögð niður og öllu starfsfólki sagt upp. Svo virðist sem starfsfólk ráðuneytisins hafi fengið það hlutverk að reyna að rökstyðja af hverju sú leið sem frumvarpið boðar væri eina færa leiðin en það hefur þeim mistekist.

Í frumvarpinu er lagt til að við gildistöku þess geti ráðstafanir hafist til að stuðla að því að ný stofnun geti tekið til starfa þann 1. mars 2024 og á sama tíma séu öll störf lögð niður hjá Menntamálastofnun. Gerir BHM ráð fyrir að í þessu felist að það starfsfólk sem ekki fær starf hjá nýrri stofnun njóti frá 1. mars 2024 kjarasamningsbundins uppsagnarfrests.

---

<sup>1</sup> Sjá skýringarritið Personalpolitikk ved omstillingsprosesser, um stjórn starfsmannamála í tengslum við endurskipulagningu opinberra stofnana í Noregi .  
[https://www.regjeringen.no/contentassets/7156039a3bca445680f02fd7fd1c40bb/no/pdfs/personalpolitikk\\_ved\\_omstillingsprosesser.pdf](https://www.regjeringen.no/contentassets/7156039a3bca445680f02fd7fd1c40bb/no/pdfs/personalpolitikk_ved_omstillingsprosesser.pdf)

BHM ítrekar enn og aftur þá afstöðu sína að markmiðum frumvarpsins er vel hægt að ná með vægari hætti og með jafnræði að leiðarljósi þar sem starfsfólki stendur til boða að fylgja verkefnum sínum til nýrrar stofnunar eða til ráðuneytisins. BHM hafnar því alfarið að það sé í samræmi við jafnræðissjónarmið að segja upp starfsfólki Menntamálastofnunar og gera því að sækja um að sinna áfram sömu verkefnum hjá nýrri stofnun. Hvetur BHM til þess að áformum ráðherra verði breytt þannig að tryggja megi réttarstöðu starfsfólk Menntamálastofnu. Við þá breytingu verði horft til ákvæðis til bráðabirgða I í gildandi lögum um Menntamálastofnun þar sem segir að starfsfólki verði tryggð störf hjá nýrri stofnun en að það kynni að þurfa að hlíta breytingum á starfi eða starfsstigi í samræmi við nýtt skipurit og starfslýsingu. Verði það ekki gert er það lágmarkskrafa að mati BHM að tryggt verði að það starfsfólk sem sækir um og hlýtur starf hjá Miðstöð menntunar og skólalýsingu haldi við umskiptin áunnum kjarasamningsbundnum réttindum frá störfum sínum hjá Menntamálastofnun.

Virðingarfyllt,



Kolbrún Halldórsdóttir  
formaður BHM



Andri Valur Ívarsson  
lögmaður BHM